

Lóan er komin

Menntamálaráðherra opnaði íslenska sýningarskálann á [Fenevjavíæringnum](#) í myndlist hinn 6. júní sl. að viðstöddu miklu fjölmenni úr stjórnsýslunni, listum, fjölmiðlum og athafnafólki auk fjölmargra erlendra gesta. Steingrímur Eyfjörð er fulltrúi Íslands. Hita og þunga af undirbúningi þátttöku Íslands að þessu sinni auk listamannsins báru þau Christian Schoen framkvæmdastjóri Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, Hanna Styrmsdóttir listrænn ráðgjafi auk Úlfars Grönvold, Sirru Sigurðardóttur og Erlings Klíngenberg sem unnu að uppsetningu sýningarinnar.



F.v. Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneyti og Steingrímur Eyfjörð.

Menntamálaráðherra sagði m.a. í ávarpi sínu að titill sýningarinnar, *Lóan er komin*, stæði Íslendingum nærri, en vísaði jafnframt til væntinga alls mannkyns um vor í lofti sem bæri með sér nýtt upphaf, drauma og þrá. Íslendingar kunni að meta sérstæða list Steingríms Eyfjörð og telji hann meðal fremstu myndlistarmanna þjóðarinnar, en í list sinni bregði hann upp spegli af þáttum þjóðlífsins sem ekki eru alltaf hafðir í hámeði.

Gæðastjórnun innleidd í menntamálaráðuneyti

Undanfarin misseri hefur verið unnið að innleiðingu gæðastjórnunar í menntamálaráðuneyti sem byggir á ISO 9001 gæðastaðli. Notast er við Focal gæðakerfi og er gæðahandbók ráðuneytisins unnin í því. Sett hefur verið gæðastefna og er stefnt að því að ráðuneytið verði virkt í stefnumótun og leiðandi innan stjórnkerfisins í árangursmiðuðum vinnubrögðum. Lögð verður áhersla á að veita viðskiptavinum ráðuneytisins góða og sveigjanlega þjónustu og unnið verði eftir vel skilgreindum verkferlum með það að markmiði að tryggja gæði þjónustunnar. Ráðuneytið mun vinna að stöðugum umbótum í starfsemi sinni. Í tengslum við gæðavinnuna hefur ráðuneytið sett sér málshraðareglur eftir eðli erinda. Ráðuneytisstjóri opnaði formlega gæðahandbók ráðuneytisins þann 12. júní sl. Gæðastjóri er Ásgerður Kjartansdóttir.

Smáþjóðaleikarnir 2007 í Mónakó

Tólfu [Smáþjóðaleikar Evrópu](#) voru haldnir í Mónakó 4. – 9. júní sl. Alls tóku 122 keppendur þátt í leikunum fyrir Íslands hönd í 11

íþróttgreinum: körfubolta, blaki, strandblaki, sundi, frjálsum íþróttum, fimleikum, skotfimi, siglingum, júdó, borðtennis og tennis. Íslensku keppendurnir



fengu í heildina 76 verðlaun eða 31 gullverðlaun, 22 silfur og 23 brons. Ísland hafnaði í öðru sæti á eftir Kýpur. Þetta er í annað sinn sem Smáþjóðaleikarnir eru haldnir í furstadæminu Mónakó en þeir voru haldnir þar árið 1987. Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sótti fund ráðherra sem fara með íþróttamál. Í tengslum við leikana er þessi fundur ráðherranna jafnan haldinn og málefni er tengjast íþróttum eru tekin fyrir. Að þessu sinni var fjallað um lyfjaeftirlit. Íþróttamálaráðherrarnir voru sammála um að ábyrgð stjórnvalda í baráttunni við misnotkun lyfja í íþróttum væri mikil. Af þeim átta þjóðum sem taka þátt í Smáþjóðaleikunum hafa nú þrjár undirritað samning UNESCO gegn misnotkun lyfja í íþróttum þ.e. Ísland, Mónakó og Lúxemborg. Smáþjóðaleikarnir voru haldnir á Íslandi árið 1997 og verða næst haldnir hér á landi 2015. Næstu leikar fara fram á Kýpur árið 2009.

Menntamálaráðherra óskar íslensku keppendum, sérsamböndum ÍSÍ og Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands til hamingju með frábæran árangur.

Samningur um lektorsstöðu í íslensku við Humboldt háskóla í Berlín

Gengið var frá undirritun samnings um lektorsstöðu í íslensku við [Humboldt háskólann](#) í Berlín þann 24. maí sl. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra undirritaði samninginn fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og afhenti Ólafur Davíðsson, sendiherra Íslands í Berlín, háskólarektor Humboldt háskólans,

prófessor Christoph Marksches samninginn til undirritunar við athöfn í háskólanum. Forstöðumaður norrænudeildar háskólans, prófessor Bernd Henningsen, var viðstaddur athöfnina auk núverandi lektors í íslensku Jóns Gíslasonar og þriggja af nemendum hans.

Uppbygging æðri menntunar í Evrópu

Nýlega kom út á vegum [Eurydice](#), upplýsinganets um menntamál í Evrópu, yfirlitsskýrsla um uppbyggingu æðri menntunar í Evrópu, *Focus on the Structure of Higher Education in Europe 2006/07*. Þar er farið yfir stöðu háskólamenntunar í þeim 45 löndum sem skrifað hafa undir Bologna samþykktina. Markmið Bologna ferlisins er að stuðla að sameiginlegu evrópsku háskólasvæði fyrir 2010 með því að þjóðir taki upp þrískiptingu háskólanáms (bakkalár, meistara og doktorsnám), innleiðingu samræmde mats á námi í formi ECTS eininga (European Credit Transfer System), útgáfu viðauka við prófskírteini (Diploma Supplement), samþykktir á sameiginlegum prófgráðum, samþykktum á viðmiðum um æðri menntun og prófgráður og þróun á gæðakerfum háskólastigsins. Skýrslan gefur greinargóða yfirsýn á stöðu mála á einfaldan og myndrænan hátt og dregur fram þróun þeirra þátta sem Bologna ferli byggir á og stöðu þjóðanna 45 í ferlinu.

Skýrslan er aðgengileg á vef [Eurydice](#). Þar má jafnframt nálgast upplýsingar um annað efni útgefið af Eurydice.

